

## Forsætisnefnd

Ár 2021, föstudaginn 26. febrúar, var haldinn 286. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð og hófst kl. 10:36. Viðstödd var Sabine Leskopf. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Pawel Bartoszek, Kristín Soffía Jónsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Alexandra Briem, Líf Magneudóttir, Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Ívar Vincent Smáráson, Ólöf Magnúsdóttir og Bjarni Þóroddsson sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 2. mars 2021.

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Tillaga um aðgerðir til að bæta íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 18. febrúar
  - b) Umræða um Sundabraut (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)
  - c) Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum 2021-2025 – síðari umræða, sbr. 6. lið fundargerðar borgarráðs frá 18. febrúar
  - d) Umræða um almannavarnir á höfuðborgarsvæðinu (að beiðni borgarfulltrúa Miðflokksins)
  - e) Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um barna- og unglíngameningarmiðstöð
  - f) Umræða um atvinnumál eldri borgara í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)
  - g) Umræða um húsnæði Fossvogsskóla (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)
- Kl. 10:43 taka Eyþór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir, Alexandra Briem og Vigdís Hauksdóttir sæti á fundinum.
  - Kl. 11:07 vikur Líf Magneudóttir af fundinum.

Fulltrúar Samfylkingar og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Pírata:

Með tilslökununum á sóttvarnareglum geta allir borgarfulltrúar verið í húsi. Okkar skoðun er að eðlilegt sé að áfram verði möguleiki á fjarfundum eftir að COVID-tímabilinu lýkur. Eðlilegt er að slíkt sé rætt á vettvangi forsætisnefndar og borgarstjórnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks gera ekki athugasemd um fyrirkomulag borgarstjórnarfundar 2. mars nk. að því tilskyldu að staðfesting Almannafræðingafundar berist fyrir fundinn um heimilan fjölda borgarfulltrúa í salnum á meðan á fundi stendur.

2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 18. febrúar 2021, varðandi sameiginlegan fund borgarstjórnar með öldungaráði. Samþykkt.
3. Fram fer umræða um öryggismál í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**Fundi slitið kl. 11:51**

Pawel Bartoszek

Sabine Leskopf  
Eyþór Laxdal Arnalds

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Marta Guðjónsdóttir